

Ágæti Jóhannes.

Mér hafa borist nokkuð mörg símtöl og tölvupóstar það sem af er degi þessum frá eldra fólki sem nýtir sér strætisvagnakerfið á höfuðborgarsvæðinu vegna hækkunar á gjaldskránni.

Árskortið hækkar úr 25.000 kr. í 40.000 kr. sem gerir 60% hækkun með afslættinum sem er 50% af almennum gjaldi.

Öryrkjar fá 70% afslátt af almennum gjaldi, en til þessa hafa eldri borgarar og öryrkjar fylgst að varðandi afslátt af almennum gjaldi.

Ég vek athygli á því að um síðustu áramót fengu eldri borgarar 3,6% hækkun á lífeyri en verðbólgan í dag stendur í 4,5%.

Það má því ljóst vera að hækkun á gjaldskrá Strætó er mjög langt frá og algjörlega úr takti við þær launahækkanir sem eldri borgurum eru skammtaðar.

Þeir sem eru að taka ákvörðun um þessa hækkun virðast ekki vera tengdir þeim veruleika og greiðslugetu sem þessir aðila búa við og sem þurfa að nýta sér almenningssamgöngur.

Ég óska eftir því að þú sem framkvæmdarstjóri farir með þessa kvörtun til stjórnar Strætó og fleiri kvartanir munu berast stjórn eftir öðrum leiðum.

Með kveðju,

Ingibjörg H Sverrisdóttir

formadur@feb.is

Farsími: 861 2748



Stangarhylur 4

110 Reykjavík

Sími: 588 2111

Netfang: feb@feb.is